



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vinnustaðarnám

VINN3GH08

Kennsluáætlun vorönn 2025

Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍÞ

Vinnustaðanámið/verknámið fer fram á sérdeildum s.s. gjörgæsludeildum, kvennadeild, endurhæfingardeildum, líknardeildum, geðdeildum eða heilsugælustöðvum og í heimahjúkrun. Verklegur hluti áfangans er 15 átta klukkustunda vaktir á önn. Nemendur vinna jafnframt verkefni tengt viðfangsefnum vinnustaðanámsins. Kennari áfangans, sjúkraliði/leiðbeinandi og deildarstjóri bera sameiginlega ábyrgð á verklegu námi sjúkraliðanema. Nemandi skal skipuleggja hjúkrunarstörf sín í samvinnu við leiðbeinanda og geta yfirfært bóklega þekkingu á hjúkrunarviðfangsefnum sem hann vinnur við á deildinni. Nemandinn skal fá þjálfun í því að vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og geta forgangsraðað verkefnum sínum með þarfir skjólstæðinga að leiðarljósi. Nemandi fylgir leiðbeinanda við öll almenn störf sjúkraliða. Í upphafi tímabils setur nemandi sér persónuleg og fagleg markmið um verknámið. Á meðan á verknámi stendur skal nemandi fylla út gátlista og ferilbók um unna verkþætti.

Lýsing

- ☐ helstu þáttum sem hafa áhrif á heilsu og lífsgæði skjólstæðinga
- ☐ helstu hjálpartækjum sem notuð eru í hjúkrunarstörfum
- ☐ faglegri umhyggju og samskiptum í hjúkrunarstörfum
- ☐ mikilvægi eftirlits og mats á líkamlegu og andlegu ástandi skjólstæðinga
- ☐ mælitækjum og öðrum hjúkrunargögnum sem notuð eru
- ☐ skráningu hjúkrunar
- ☐ mikilvægi þagnarskyldu
- ☐ sjálfsákvörðunarrétti og réttindum sjúklinga samkvæmt lögum
- ☐ mikilvægi forgangsroðunar í hjúkrunarstörfum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ☐ sýna skjólstæðingum og aðstandendum virðingu og faglega umhyggju
- ☐ nota helstu hjálpartæki og hjúkrunargögn á viðeigandi hátt

- ☐ taka þátt í þverfaglegri samvinnu heilbrigðisstétta
- ☐ sýna frumkvæði og forgangsraða eigin störfum
- ☐ skrá og vinna samkvæmt hjúkrunarferli
- ☐ útskýra mikilvægi þagnarskyldu og réttindi sjúklinga

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ☐ velja viðeigandi hjúkrunarmeðferð hverju sinni og geta rökstutt hana
- ☐ virða og rökstyðja mikilvægi þagnarskyldu og mikilvægi trúnaðar
- ☐ sýna hæfni í samskiptum og samstarfi við skjólstæðinga, aðstandendur þeirra og samstarfsfólk
- ☐ leggja sitt að mörkum í þverfaglegri samvinnu
- ☐ hjúkra sjúklingum við margbreytilegar aðstæður

Námsmat

Leiðsagnarmat þar sem vinna nemanda í áfanganum er metin með reglubundnum hætti ásamt því að skrá í ferilbók/ dagbók og gátlista. Til grundvallar matinu er einkum horft til sjálfstæðis í vinnubrögðum, hæfni í hjúkrunarstörfum og samskiptum við skjólstæðinga/sjúklinga, aðstandendur og samstarfsfólk. Nemendur gera verkefni sem kennari leggur fyrir og tengist viðfangsefnum deildar og vinnustaðanámsins.

100% mætingarskylda er í áfangan og ef nemandi missir úr verknámsdag/ daga þarf hann að vinna þá upp í samvinnu við kennara, leiðbeinanda og deildarstjóra.